

## Skoðanakönnun Hagvangs:

# Íslendingar ráða helst ekki fólk með geðræn vandamál

Í SKOÐANAKÖNNUN sem Hagvangur framkvæmdi fyrir tímaritið Geðhjálp kemur fram að fjórir af hverjum tíu Íslendingum treystu sér ekki til að ráða fólk með geðræn vandamál til vinnu. Þetta kemur fram í könnun sem unnin var af Má Viðari Mássyni sálfræðingi í

tímaritinu Geðhjálp sem er nýlega komið út.

Þessar upplýsingar eru í samræmi við staðhæfingu Magnúsar Þorgrímssonar, formanns Geðhjálpar, sem segir að geðsjúkir séu 25% allra öryrkja hér á landi og þeir eigi erfðast allra hópa öryrkja að ráða sig í vinnu.

Spurt var hvort það hefði einhver áhrif á val á starfsmönnum ef þeir væru drykkjusjúklingar, eyðnisjúklingar, haldnir geðrænum vandamálum eða hjartasjúkdómum. Spurningin var lögð fyrir 771 Íslending á aldrinum 16-67 ára.

Sjötti hver aðspurðra setti hjartasjúkdóm umsækjenda fyrir sig og u.þ.b. fjórði hver aðspurðra setti það fyrir sig að umsækjendur væru smitaðir eyðni. Fjórir af hverjum tíu voru hins vegar mótfallnir því að ráða fólk með geðræn vandamál í vinnu en fæstir, eða sjö af hverjum tíu vildu ráða ofdrykkjumenn til starfa.

Meðal þess sem höfundur könnunarinnar telur að fólk setji fyrir sig varðandi ráðningar fólks með geðræn vandamál er að batalískur eru taldar litlar, áhrif sjúkdóms á persónuleika sé til staðar, lítil þekking á sjúkdómnum, viðvera sjúkdóms, truflun á vinnu, röskun á samskiptum og minni áreiðanleiki starfsmanns.